



## Fundargerð hreppsnefndar 03. september 2014

Fundargerð sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps 3. september 2014

4. fundur sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps haldinn miðvikudaginn 3. september 2014.  
Fundarstaður félagsheimilið Miklagarður. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mættir voru: Eyjólfur Sigurðsson oddviti, Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti bauð Ólaf Áka Ragnarsson sveitarstjóra sérstaklega velkominn á sinn fyrsta sveitarstjórnarfund. Áður en gengið var til dagskrár óskaði oddviti eftir því að taka á dagskrá undir lið 13. breytingu á fundartíma sveitarstjórnar. Sveitarstjórn samþykkti breytingu á dagskrá. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 21. ágúst 2014. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar dags. 13. ágúst 2014. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. Fundargerð hafnarnefndar dags. 13. ágúst 2014. Samþykkt að hafnarnefnd og sveitarstjórn fái umbeðnar upplýsingar sem nefndin óskar eftir samkvæmt lið a og e í fundargerðinni undir önnur mál. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. Fundargerð stjórnar foreldrafélagsins dags. 27. ágúst 2014. Töluverðar umræður urðu fundargerðina. Til máls tóku allir fulltrúar í sveitarstjórn. Samþykkt að sveitarstjóri fundi með stjórn foreldrafélagsins um umferðaröryggi í nágrenni skóla og leikskóla. Þá var samþykkt að tilnefna í starfshóp um framhaldsskóladeild á næsta fundi sveitarstjórnar í framhaldi af bókun í 4. lið fundargerðar. Þá óskaði Hrund Snorradóttir eftir því að kynntar væru breytingar á umferðarmerkingum í sveitarfélaginu fyrir íbúum í sveitarfélaginu. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
5. Tillögur frá sveitarstjórnarmönnum:

a) Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson lögðu fram eftirfarandi bókun: „Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fagnar þeirri ákvörðun innanríkisráðherra að flytja verkefni til Sýslumannsembættanna og hvetur Sýslumanninn á Austurlandi til að úthluta verkefnum til fulltrúans á Vopnafirði og auka þannig við starfshlutfall hans úr 50% í 100%.“ Samþykkt samhljóða að taka málið upp við þingmenn kjördæmisins á kjördæmaviku nú í haust. Þá var sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með fulltrúum innanríkisráðuneytisins um málið.

b) Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson lögðu fram tillögu um úttekt á stjórnskipulagi Vopnafjarðarhrepps. Sveitarstjórn samþykkti að tilnefna í starfshóp til að fara yfir stjórnskipulag Vopnafjarðarhrepps og gera tillögu til sveitarstjórnar um breytingar gerist þess þörf. Tillögurnar liggja fyrir eigi síðar en í lok desember 2014. Sveitarstjóra falið að leiða vinnu starfshópsins.

c) Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson lögðu fram tillögu um „Húsin

heim“ þess efnis að kannaður verði möguleiki á því að fá Vopnafjarðarhúsin, Kornhúsið og Kjöthúsið sem nú eru í varðveislu á Árbæjarsafni, verði flutt til Vopnafjarðar. Samþykkt að sveitarstjóri afli upplýsinga um eignarhald húsana sem flutt voru á Árbæjarsafn og kynni niðurstöðuna fyrir sveitarstjórn.

6. Bréf til sveitarstjórnar frá Else Möller um málefni Múlastofu. Samþykkt að vísa erindinu til menningarmála- og fræðslunefndar til umsagnar.

7. Bréf til sveitarstjórnar frá Stefáni Má Gunnlaugssyni um ósk um styrk til að standa að Vinaviku dagana 5.-12. október nk. Samþykkt að styrkja verkefnið að upphæð kr. 100 þús.

8. Ráðningarsamningur sveitarstjóra tekin til afgreiðslu. Undir þessum lið véc Ólafur Áki af fundi. Samningurinn samþykktur samhljóða.

9. Kynnt uppgjör vegna sveitarstjóraskipta. Oddviti gerði grein fyrir kostnaði við ráðningu á sveitarstjóra sem fyrirtækið Capacent tók að sér fyrir sveitarfélagið og kostnaði við starfslok fyrrverandi sveitarstjóra.

10. Merkingar stofnana sveitarfélagsins. Samþykkt að fela sveitarstjóra að leita eftir tilboðum í kostnað við merkingar stofnana sveitarfélagsins og leggja fyrir sveitarstjórn.

11. Fundur með endurskoðunarfyrirtækinu KPMG. Samþykkt að fá fulltrúa frá KPMG endurskoðun á fund sveitarstjórnar og fara yfir fjármál sveitarfélagsins, en fyrirtækið sér um endurskoðun reikninga Vopnafjarðarhrepps.

12. Fjármálaráðstefna sveitarfélagana 9. og 10. október n. k. Samþykkt að taka málið upp á næsta fundi sveitarstjórnar.

13. Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn miðvikudaginn 17. september kl. 16:00

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 18:00